

Fjallabyggð
Íris Stefánsdóttir
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Reykjavík, 26. janúar 2023
UST202301-233/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 og nýtt deiliskipulag fyrir brimbrettaðstöðu á Ólafsfirði

Vísað er til erindis skipulags- og tæknifulltrúa Fjallabyggðar er barst 17. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 og nýju deiliskipulagi fyrir brimbrettaðstöðu á Ólafsfirði.

Í greinargerð kemur fram að skipulagsbreytingin nær til 19.000 m² svæðis þar sem breytingin gengur út á að núverandi landnotkunarflokkur athafnarsvæði (AT) verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði (VÞ), núverandi efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) verði breytt í strandsvæði (ST), og núverandi athafnar- (AT) og óbyggt svæði (ÓB) norðan brimbrettasvæðisins verði breytt í opið svæði (OP).

Auk þess kemur fram að áherslur skipulagsnefndar eru að stefnt sé að uppbyggingu brimbrettaaðstöðu á svæðinu, verndun aðalbrotisins / brimbrettaöldu á svæðinu, aðgengi á sjó fyrir brimbrettaiðkun og sjósundi, bílastæðum fyrir brimbrettaiðkendur með útsýni yfir aðalbrot, gerð útsýnispalls, góðri tengingu við núverandi byggð, opnu svæði fyrir almenning á skipulagssvæðinu o.fl.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.2.3. gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 þar sem fjallað er um efni lýsingar segir, að í lýsingu skal gerð grein fyrir þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til, m.a. (f) hvernig staðið verði að umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr.

Kafla 6 í greinargerð sem nefnist áhrifamat segir svo sem lítið og ekkert fjallað um hvernig staðið verður að umhverfismati í tillögunni. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að það komi fram í lýsingu hvaða umhverfisþættir verða skoðaðir og metnir í tillögunni svo að stofnunin gæti veitt umsögn, komið með ábendingar og tekið afstöðu varðandi umhverfisþættina sem á að meta í tillögunni.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur